



Fréttamolar

Frá skrifstofu ASÍ

20. apríl 2020 – 145. tbl.

Ábyrgðarmaður: halldor@asi.is

Efnisyfirlit¹:

- Af vettvangi miðstjórnar ASÍ
- Áherslur ASÍ: Fyrir fólk, ekki fjármagn – Afkomuöryggi fyrir alla
- Hlutastörf og hlutabætur – nokkur atriði til áréttingar
- Atvinnuleysi og hlutabætur – greining frá hagdeild ASÍ
- Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar auglýsir eftir umsóknum

Af vettvangi miðstjórnar ASÍ

Fjarfundur var haldinn í miðstjórn ASÍ 15. apríl sl. Á fundinum var fjallað um reikninga stofnana ASÍ fyrir árið 2019, samskipti við stjórnvöld og viðbrögð við COVID 19, yfirskrift 1. maí 2020 og erindi frá stjórn VR, auk annars.

Á miðstjórnarfundinum voru lagðir fram og kynntir ársreikningar ASÍ og stofnana þess fyrir árið 2019. Fram kom í upphafi að samkvæmt lögum ASÍ væru reikningar sambandsins lagðir fram í aprílmánuði og þeir kynntir. Á næsta fundi miðstjórnar verða þeir síðan til afgreiðslu. Því næst kynnti Theodór S. Sigurbergsson endurskoðandi ASÍ reikningana.

Theodór byrjaði á að gera grein fyrir reikningum Minningarsjóðs Eðvarðs Sigurðssonar og niðurstöðum þeirra. Fram kom m.a. að rekstrarafgangur ársins var kr. 937.853. Eignir alls í árslok 2019 voru kr. 50.591.513.

Því næst gerði Theodór grein fyrir reikningum Mímis – símenntunar og kom fram að stjórn félagsins hefur þegar áritað reikningana. Reksturinn var í ágætu jafnvægi og var rekstrarafgangur ársins kr. 3.343.916. Skuldir og eigið fé í árslok voru alls kr. 144.670.520.

Því næst fjallaði Theodór um reikninga þeirra stofnana sem mynda samstæðu ASÍ, þ.e. Listasafns ASÍ, Eignarhaldsfélagsins Guðrúnartúni 1 og sambandssjóðs ASÍ.

Fram kom m.a. að rekstrarhalli Listasafnsins var kr. 1.939.235. Hallareksturinn skýrist einkum af tvennu sem er einskíptis kostnaður. Annars vegar kostnaði við heimasíðugerð og prentum bóka en hins vegar kostnað við nýtt geymsluhúsnæði fyrir listaverk í eigu safnsins. Þá kom fram að skuldir og eigið fé í árslok væru alls kr. 191.422.770. Í þessu sambandi var spurst fyrir um verðmat á listaverkum í eigu safnsins og svaraði Theodór því til að í raun væru verðmætin ómetanleg enda margar af helstu perlum íslenskrar málalistar í eigu þess.

¹ **Fréttamolarnir** eru sendir til miðstjórnar ASÍ, formanna allra aðildarsamtaka ASÍ, stjórnar ASÍ-UNG og tengiliða aðildarfélaganna ASÍ samkvæmt tölvupóstföngum skrifstofu ASÍ. **Aðildarfélagunum er frjálst og þau eru hvött til að dreifa Fréttamolunum áfram til stjórnar, trúnaðarráðs, trúnaðarmanna og starfsmanna félaganna.**



Varðandi Eignarhaldsfélagið Guðrúnartúni 1 kom fram að rekstrarafgangur ársins var kr. 9.235.466. Skuldir og eigið fé í árslok voru alls kr. 343.452.129. Afkoman var í samræmi við það sem gengið var út frá, enda leigutekjur stilltar af miðað við rekstrarkostnað.


Theodór gerði þar næst ítarlega grein fyrir rekstri sambandssjóðs ASÍ og stöðu hans í árslok. Rekstrartekjur voru kr. 496.223.443 og hækkuðu nokkuð á milli ára vegna hækkunar skatttekna. Rekstrargjöld voru kr. 471.414.960 og stóðu nánast í stað á milli ára. Rekstrarafgangur ársins að teknu tilliti til fjármagnsliða var kr. 64.301.204.

Loks fór Theodór yfir samstæðureikninginn. Þá vakti hann athygli á sérstakri ábendingu vegna COVID 19 sem sett yrði í endanlega útgáfu reikninganna.

Forseti ASÍ benti á að reksturinn á árinu 2019 hafi verið í ágætu samræmi við þá fjárhagsáætlun sem unnið var eftir. Þá hvatti hún miðstjórnarmenn til að láta skrifstofu ASÍ vita ef þeir hafa spurningar eða óska frekari skýringa. Aðspurður sagði Theodór að hann mundi árita alla reikningana án fyrirvara.

Stefnt að því að afgreiða reikningana á fundi miðstjórnar 6. maí nk.

Undir dagskrárliðnum „Upplýsingar frá forseta“ fjallaði Drífa um þau mál sem komið hafa upp í tengslum við hlutabótaúrræðið þar sem atvinnurekendur hafa verið að misnota þetta úrræði. Nefndi hún nokkur dæmi um það og sagði hugmyndaflug atvinnurekenda í þeim efnum með ólíkindum. Hún vísaði síðan til yfirlýsingar frá Vinnumálastofnun þar sem áréttað er að hlutabætur og uppsögn á ráðningarsambandi fara ekki saman, en það er í samræmi við það sem ASÍ hefur haldið fram.



Undir dagskrárliðnum „Samskipti við stjórnvöld og viðbrögð við COVID 19 – staðan“ gerði forseti ASÍ grein fyrir fundi í Þjóðhagsráði fyrir páska og með ráðuneytisstjórum í lok síðustu viku. Hún fjallaði síðan ítarlega um greinargerð og áherslur sem ASÍ hefur lagt fram í samskiptum við stjórnvöld síðustu daga og vikur: „Áherslur ASÍ vegna aðgerða til að lágmarka efnahags- og félagslegar afleiðingar heimsfaraldurs kórónaveiru“. Þar er fjallað um afkomuöryggi hópa sem ekki hefur verið tryggt. Þá fjallaði hún ítarlega um tillögur ASÍ með yfirskriftinni „Vinnumarkaður, menntunarúrræði og atvinnuleysistryggingar“, þar sem áherslan er á að treysta stöðu launafólks og almennings sem verður fyrir áhrifum COVID-19.

Forseti sagði mikilvægt að koma þessum áherslum á framfæri nú þegar stjórnvöld eru að undirbúa nýjan pakka vegna COVID-19. Jafnframt er nauðsynlegt að setja fram skýrar kröfur gagnvart þeim fyrirtækjum sem njóta stuðnings stjórnvalda. Bæði að um lífvænlega atvinnustarfsemi sé að ræða og að fyrirtækin virði kjarasamninga og réttindi launafólks í hvívetna.

Kristján Þórður gerði grein fyrir samráðshópi um hlutdeildarlán sem einkum eru ætluð ungu fólki og tekjulágum og afnám verðtryggingar, auk þess að fjalla um [húsaleigulög](#). Auk fulltrúa

ASÍ sitja fulltrúar stjórnvalda og SA í hópnum. Kristján sagði fátt nýtt í þeim gögnum sem lágu fyrir miðstjórnarfundinum sem ekki hefur komið fram áður og Ragnar Þór m.a. kynnt fyrir miðstjórn á fyrri stigum. Fram kom að næst liggur fyrir að leggja heildarmat á áhrif þeirra aðgerða sem þarna eru lagðar til. Væntingar standa til að eitthvað meira liggi fyrir um málið fyrir lok næstu viku.

Sólveig Anna gerði grein fyrir starfi [Velferðarvaktarinnar](#) sem stofnað var til í kjölfar Hrunsins. Hún sagði margt mjög áhugavert og gagnlegt koma fram í starfi velferðarvaktarinnar enda kemur þar saman stór hópur fólks með mikla þekkingu á og ástríðu fyrir efninu. Þá vísaði Sólveig Anna til þriggja greinargerða á vegum viðbragsteymis félagsmálaráðuneytisins sem lágu fyrir miðstjórnarfundinum. Fram kom að nokkuð fjármagn hefur verið sett í að styrkja starfsemi Rauða krossins og samtaka sem vinna með viðkvæmum hópum í samfélaginu. Hún sagði fullt tilefni til að hafa áhyggjur af fjölgum tilkynninga um heimilisofbeldi og einnig að reikna má með uppsafnaðri þörf fyrir úrræði þegar samfélagið fer að opnast aftur og



fórnarlömb heimilisofbeldis sleppa frá kvölurum sínum. Einnig væri ástæða til að hafa áhyggjur af stöðu barna í viðkvæmri stöðu. Mikilvægt væri að auka umtalsvert fjármuni til að styðja og styrkja þessi börn. Drífa áréttaði mikilvægi þess að leita allra leiða til að styðja stöðu og bæta hag barna í viðkvæmri stöðu. Hún nefndi í því sambandi

m.a. ókeypis skólamáltíðir og stuðning við hvers konar tómstundastarf. Sólveig Anna tók undir þetta.

Á miðstjórnarfundinum voru greidd atkvæði meðal miðstjórnarmanna um þrjár tillögur um yfirskrift fyrir aðgerðir 1. maí nk. Niðurstaðan var „Byggjum réttlátt þjóðfélag“.

Þá gerði Drífa grein fyrir því að nú liggi fyrir að RÚV muni sjónvarpa 40 mínútna dagskrá á besta tíma, eftir kvöldfréttir, 1. maí. Ráðgert er að dagskráin verði sýnd beint frá Hörpu og lögð áhersla á ákveðinn léttleika, vönduð tónlistar- og önnur skemmtiatriði og fá og stutt ávörp. Þá er einnig verið að undirbúa möguleika fólks til að taka virkan þátt á samfélagsmiðlum s.s. með því að gera sín eigin kröfuspjöld. Fram kom að þetta er samstarfsverkefni ASÍ, BSRB, BHM og KÍ og hugsað á landsvísu.



Á fundinum var kynnt erindi til miðstjórnar frá stjórn VR sem lá fyrir fundinum og lögfræðialit sem fylgdu með. Ragnar Þór vísaði til þess að miðstjórn hafi hafnað að greiða atkvæði um afturköllun á úrsögnum Vilhjálms Birgissonar og Hörpu Sævarsdóttur og gagnrýndi þá málsmeðferð. Þá vísaði hann til ákalls um samstöðu innan verkalýðshreyfingarinnar á þeim erfiðu tímum sem launafólk er að takast

á við og skilja bæri afturköllun Vilhjálms og Hörpu í því samhengi. Áskorun stjórnar VR á að sjá í þessu ljósi en þar segir m.a.: „Stjórn VR harmar að miðstjórn ASÍ hafi ekki vilja taka því sáttatilboði sem lagt var fram og borið fyrir sig formsreglur sem standast ekki. Stjórn VR fordæmir þessi vinnubrögð og skorar á miðstjórn ASÍ

að endurskoða ákvörðun sína“. Ragnar sagði að afgreiðsla miðstjórnar sýndi ekki mikinn vilja til sátta og samstöðu.

Forseti sagði ályktun stjórnar VR koma á óvart. Hún sagði ljóst í sínum huga að ábyrgðin á þeirri stöðu sem komin er upp sé hjá þeim sem sögðu af sér en ekki miðstjórn sem tók við þessum úrsögnum. Hún sagði erindið frá stjórn VR hafa borist rétt fyrir páska og hún hafi lagt að starfsfólki ASÍ að taka sér frí yfir páskana og því hafi ekki gefist tækifæri til að skoða erindið eða bregðast við því. Hún lagði til að málinu yrði frestað til næsta miðstjórnarfundar. Ekki komu fram athugasemdir við þá málsmeðferð.

Auk þess sem að framan greinir var af hálfu miðstjórnar tilnefnt í stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og tilnefning staðfest í Samhæfingarhóp sem skal skoða stöðu námsmanna og atvinnuleitenda, atvinnu- og menntaúrræði við þær breyttu aðstæður sem orðnar eru í íslensku samfélagi. Þá var undir önnur mál fjallað frekar um áherslur ASÍ og tillögur m.a. í ljósi hættu á að væntanlegar verðhækkanir muni skerða kaupmátt launafólks vegna vísitölutryggðra skuldbindinga s.s. leigusamninga og húsnæðislána og bjögun neysluveruþvísitölunnar m.a. í ljósi mikilla breytinga á neysluvenjum í kjölfar COVID-19. Næsti reglulegi miðstjórnarfundur er á dagskrá 6. maí nk.

☑ **Áherslur ASÍ: Fyrir fólk, ekki fjármagn – Afkomuöryggi fyrir alla**



Stjórnvöld hafa boðað kynningu á nýjum efnahagspakka vegna áhrifa COVID-19. Alþýðusamband Íslands hefur kynnt ítarlegar áherslur sínar fyrir stjórnvöldum. ASÍ leggur áherslu á að þessi efnahagspakki tryggji meðal annars eftirfarandi þætti:

Fyrir fólk, ekki fjármagn

- Aðgerðir stjórnvalda eiga fyrst og fremst að snúast um að tryggja afkomu launafólks og hagsmuni almennings.
- Tryggja þarf nægilegt fjármagn og nauðsynlegar aðgerðir til að bæta stöðu hópa atvinnulausra og þeirra sem hafa veika stöðu á vinnumarkaði.
- Námsmenn hafi möguleika á eðlilegum framgangi í námi.
- Beina þarf fólki inn í menntun og framhaldsfræðslu sem virkar til framtíðar og tryggja að stuðningur við nýsköpun stuðli með beinum hætti að atvinnusköpun.
- Stjórnvöld þurfa að sýna fram á að aðgerðir þeirra stuðli að jöfnuði, jafnrétti og sjálfbærni og að staðinn sé vörður um heimilin í landinu í gegnum efnahagslæggðina.
- Stuðningur við fyrirtæki á að vera skilyrtur því að störfum sé viðhaldið eða ný störf sköpuð og grundvallarréttindi launafólks séu virt.
- Til að hljóta frekari stuðning þurfi fyrirtæki og eigendur að hafa nýtt eigin bjargir og undirgangast skilyrði um að greiða ekki út arð eða kaup hlut í sjálfum sér næstu tvö ár.
- Fyrirtæki sem svindla á úrræðum stjórnvalda eiga að sæta viðurlögum.

Afkomuöryggi fyrir alla

- Bráðabirgðaákvæði um hlutabætur atvinnuleysisstrygginga þarf að framlengja en að óbreyttu fellur það úr gildi þann 1. júní n.k.
- Hækka þarf atvinnuleysisbætur þegar í stað en grunnbætur eru umtalsvert lægri en lágmarkslaun og þak vegna tekjutengingar er oft lágt.
- Einstaklingar með undirliggjandi sjúkdóma og þungaðar konur sem skv. ráðleggingum heilbrigðisyfirvalda eiga að halda sig heima þurfa að falla undir lög um laun í sóttkví.
- Tryggja þarf afkomu launafólks hjá fyrirtækjum sem skv. fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda þurfa að hætta starfsemi alfarið og foreldra sem ekki geta sótt vinnu að fullu vegna skerts skólstarfs í leik- og grunnskólum.
- Tryggja þarf húsnæðisöryggi, meðal annars með því að hækka húsaleigubætur, flýta hlutdeildarlánum fyrir fyrstu kaupendur og fjölga almennum íbúðum.
- Aðgerðir stjórnvalda þurfa að ná til öryrkja og ellilífeyrisþega.
- Ríki og sveitarfélög og fyrirtæki sem vel standa verða að tryggja sumarstörf fyrir námsmenn á komandi sumri, samhliða því að boðið verði upp á styrki til námsmanna til að stunda nám á sumarönn.

ASÍ mun kynna áherslur sínar nánar á næstu dögum og birta tillögur um frekari vinnumarkaðsaðgerðir, nýsköpun og menntun, stöðu heimilanna og uppbyggingu samfélagslegra innviða til framtíðar.

Hlutastörf og hlutabætur – nokkur atriði til áréttingar



Alþýðusambandi Íslands og aðildarfélögum þess hafa borist fjöldi fyrirspurna og ábendinga frá félagsmönnum um framkvæmd svokallaðs hlutabóta úrræðis, þ.e. minnkaðs starfshlutfalls hjá fyrirtæki á móti greiðslu hlutabóta. Af því tilefni skal eftirfarandi áréttað:

- Skerðing á starfshlutfalli verður að byggja á tímabundnu **samkomulagi á milli fyrirtækis og einstaklings** þar sem fram kemur m.a. hver breyting á starfshlutfallinu er og til hvaða tímabils skerðingin nær.
- Atvinnurekanda er **óheimilt að krefjast vinnuframlags frá launamanni umfram það starfshlutfall sem samið er um** í samkomulagi um minnkað starfshlutfall – nema laun hækki í samræmi við breytt starfshlutfall. Þetta þýðir ekki að tilfallandi yfirvinna sé bönnuð enda sé greitt fyrir hana.
- **Uppsögn á ráðningarsamningi** launamanns sem hefur samið um tímabundið skert starfshlutfall og fær greiddar atvinnuleysisbætur á móti, **felur í sér forsendubrest fyrir því samkomulagi sem gert var og er andstætt markmiðum laganna um hlutabætur**. Forsenda launamanns fyrir því að samþykkja samkomulag um skert starfshlutfall er að tryggja ráðningarsamband sitt á meðan efnahagsþrengingar vegna Covid19 faraldursins ganga yfir. Segi atvinnurekandi upp ráðningarsamningi launamanns eftir að launamaður

hefur gengist undir samkomulag um skert starfshlutfall og hlutabætur, **fellur niður réttur launamanns til hlutabótanna** skv. [skýrri túlkun Vinnumálastofnunar](#), og **fyrri starfshlutfall á að taka gildi að nýju og gilda út uppsagnarfrestinn**. Mikilvægt er að það launafólk sem ekki fær þann rétt að nýju sjálfkrafa hafi strax samband við stéttarfélag sitt. Í framhaldi af tilmælum félagsmálaráðherra til Vinnumálastofnunar um að víkja frá aldursskilyrðum laga um atvinnuleysistryggingar við framkvæmd bráðabirgðaákvæðis laganna um hlutabætur **eiga einstaklingar óháð aldri rétt að greiðslu hlutabóta** að uppfylltum þeim skilyrðum sem um þær gilda.



Á [vef Vinnumálastofnunar](#) og [vef ASÍ](#) má finna mikið af gagnlegum upplýsingum, bæði um úrræði stjórnvalda um hlutabætur á mótí skertu starfshlutfalli og um rétt launafólks sem skipað er að fara í sóttkví.


Á [vef Vinnueftirlitsins](#) er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar og leiðbeiningar fyrir launafólk og fyrirtæki til að varast hættur við

vinnu vegna Covid-19 faraldursins. Þar má nefna:

- Áherslupunkta um vinnuumhverfi á óvissutímum.
- Vinnuvernd í heimsendingarþjónustu.
- Smitvarnir í verslunum.
- Leiðbeiningar til starfsmanna sem vinna við þrif
- Áhættumat vegna smithættu og viðbrögð vinnustaða við afleiðingum veikinda starfsfólks á vinnustað.

Einnig fræðslufni eins og góð ráð í fjarvinnu, að vinna heima og sinna börnum og vinnuumhverfið og líkamsbeiting við heimavinnu.

☑ Atvinnuleysi og hlutabætur – greining frá hagdeild ASÍ



Hagdeild ASÍ birti 17. apríl sl. [greiningu sem byggir á tölum Vinnumálastofnunar](#) um atvinnuleysi hér á landi í marsmánuði. Þar segir m.a.:

Reikna má með því að áhrif þess að hluti vinnumarkaðarins hefur stöðvast sé ekki að fullu kominn fram í tölum um fullt atvinnuleysi þar sem launafólk á í flestum tilfellum 1-3 mánaða uppsagnarfrest og uppsagnir miðast við mánaðarmót.

Þeir sem misstu störf sín í mars koma því ekki inná atvinnuleysisskrá fyrr en í maí, í tilfelli mánaðaruppsagnarfrests, eða júlí hjá þeim sem hafa þriggja mánaða uppsagnarfrest. Þá hefur hlutabótaúrræðið stuðlað að því að fyrirtæki geti haldið ráðningarsambandi við starfsfólk sitt á meðan óvissan er sem mest og mun hluti þess að vonum ganga til baka um leið og samkomubanni léttir og hægt verður að hefja eðlilega starfsemi margra fyrirtækja á ný. Afleiðingar kórónuveirufaraldursins á vinnumarkaði koma því að líkindum ekki að fullu fram í atvinnuleysistöllum fyrr en í sumar.

☑ **Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar auglýsir eftir umsóknum.**



Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar auglýsir eftir umsóknum um styrk til verkefni sem varðar íslenskt samfélag og málefni launafólks. Styrkurinn er ætlaður til að efla rannsóknir og útgáfu á verkum sem varða sérstaklega íslenskt samfélag, vinnumarkaðinn, hagsmuni launafólks og starfsemi verkalýðshreyfingarinnar. Hámarksfjárhæð er kr. 1.000.000.

Styrkurinn er veittur einu sinni á ári. Umsóknir um styrkinn þurfa að berast fyrir 27. apríl. Styrknum er úthlutað 1. maí ár hvert.

[Hér eru nánari upplýsingar um styrki úr Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar.](#)